

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt mál nr. 66/2022

Reykjavík, 25. mars 2022

Umsögn Gildis-lífeyrissjóðs um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.)

Þann 22. desember sl. gaf fjármála- og efnahagsráðuneyti út nýja reglugerð. Samkvæmt reglugerðinni (nr. 1589/2021, um breytingu á reglugerð nr. 391/1998), var í gerð breyting á 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 391/1997. Breytingin fólst í því að í stað „25“ í 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kom „20“. Ákvæðið hljóðar þannig svo eftir breytingu: „Útreikningur á lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir skal taka mið af að iðgjald sé greitt í 40 ár og að inngreiðslur hefjist þegar einstaklingur hefur náð 20 til 30 ára aldri.“

Framangreindar breytingar voru samþykktar á sama tíma og fjármála- og efnahagsráðherra staðfesti nýjar dánar- og eftirlifendatöflur með spá um lækkandi dánartíðni. Staðfesting þessara taflna hefur í för með sér verulegar breytingar til aukningar á skuldbindingum fyrir lífeyrissjóði þar sem mat á lífslíkum sjóðfélaga, sem er að aukast, er grundvallarforsenda við mat á þessum skuldbindingum.

Unnið hefur verið að innleiðingu nýrra dánar- og eftirlifendataflna hjá sjóðnum í samræmi við framangreinda ákvörðun ráðherra og í samræmi við gildandi 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 391/1997. Er gert ráð fyrir því hjá sjóðnum, þegar lágmarkstryggingarvernd er reiknuð, að inngreiðslur hefjist þegar sjóðfélagi er 20 ára. Bæði er það heimilt samkvæmt gildandi reglum og telst þar að auki ekki óvarlegt miðað við sjóðfélagahópinn hjá sjóðnum og þær breytingar sem eru að eiga sér stað. Þannig verður að hafa í huga að ákvæði um lágmarkstryggingarvernd í gildandi lögum voru sett þegar aðrar forsendur voru til staðar varðandi væntingar um lífaldur. Hefur lífaldur aukist töluvert frá því lögin voru sett auk þess sem nú er spáð áframhaldandi hækkun hans. Það liggur fyrir að hækkun lífaldurs hefur ein og sér umtalsverð áhrif á útreikning lágmarkstryggingarverndar til aukningar þar sem meiri réttindi þarf til þess að greiða sömu mánaðarlegu fjárhæð í fleiri ár en áður var reiknað með.


Vekur það því nokkra furðu að í 2. gr. frumvarpsdraganna er ákvæði sem samkvæmt orðanna hljóðan fæli í sér umtalsverða breytingu á forsendum sem liggja að baki útreikningi á lágmarkstryggingarvernd. Ákvæði þetta hefur ekki komið fram áður þegar sambærileg frumvörp hafa verið til umfjöllunar. Kemur m.a. fram í 2. gr. að:

„Við mat á lágmarksréttindaöflun skal taka mið af eftirlaunaaldri samkvæmt samþykktum lífeyrissjóðs, sbr. 14. gr. laganna, þó skal ekki miða við hærri eftirlaunaaldur en 70 ár.“

Þessi breyting er með engum hætti rökstudd í frumvarpsdrögunum eða þörfin fyrir breytingunum ásamt því að ekki hefur verið lagt mat á það hvaða áhrif breytingarnar hafa á lífeyrissjóði. Ljóst er að áhrif geta verið umtalsverð og setja raunar í uppnám vinnu við innleiðingu nýrra dánar- og eftirlifendataflna verði tillögurnar að lögum. Lagt er til að framangreindur texti í 2. gr. verði fjarlægður úr fyrirbyggjandi frumvarpi og að núverandi fyrirkomulag haldi gildi sínu. Í öllu falli er að mati sjóðsins ekki rétt að setja ákvæðið í lög án

Þess að áhrif á lífeyrissjóði verði sérstaklega metin í tengslum við innleiðingu á nýjum dánar- og eftirlifendatöflum. Til frekari upplýsinga er í viðhengi minnisblað Talnakönnunar hf. er varðar málefnið.

Virðingarfyllt,
f.h. Gildis-lífeyrissjóðs


Arni Guðmundsson, framkvæmdastjóri